

11 það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur
24. marz fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

12

24. marz

L Ö G

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 800000 krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

12

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1600000.00 lán, er hafnarsjóður Ísafjarðar kann að fá til hafnargerðar eða hafnarumbóta. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

24. marz

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 43 frá 27. júní 1941.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

13

um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

24. marz

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 50 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Breiðdalsvíkur að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Breiðdalshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Breiðdalsvíkur.